

Nefndarsvið Alþingis  
~~Umhverfisnefnd~~  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Dags./Date:  
08.02.01

Tilvísun/Reference:  
00-0077  
000.21

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.**

Vinnueftirlit ríkisins hefur yfirfarið frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996 sem umhverfisnefnd Alþingis sendi stofnuninni til umsagnar.

Vinnueftirlitið telur tímabært að þrengja heimildir til að leyfa reykingar á veitingahúsum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Enn fremur er það jákvætt að staðfest er sú skylda atvinnurekenda að sjá til þess að starfsfólk njóti réttar til að vinna í reyklusu umhverfi. Segja má að algjör breyting hafi orðið á til batnaðar á vinnustöðum síðustu ár hvað varðar reyklaust vinnuumhverfi. Það er hins vegar ljóst að erfiðast hefur verið að vernda starfsfólk á veitingastöðum gegn skaðlegum áhrifum óbeinna reykinga. Vinnueftirlitið hefur beitt sér eins og frekast hefur verið unnt í þeim málum með ábendingum og kröfum um að reykingabanni sé framfylgt t.d. í mat- og kaffistofum, með góðum árangri.

Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið:

Í 9. gr. segir “heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um reykingar á veitinga- og gististöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, þar á meðal um flokkun þessara staða með tilliti til reykinga og loftræstingar.”

Hér telur Vinnueftirlitið eðlilegt að slíkar reglur séu einnig settar í samráði við Vinnueftirlitið.

Í 12. gr. núverandi laga segir m.a. “Um tóbaksvarnir á vinnustöðum, öðrum en skv. 9. og 10. gr., fer skv. nánari reglum sem setja skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins.”

Í frumvarpinu segir “Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglur í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum...”

# VINNUEFTIRLITIÐ

Reglur sem varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru samkvæmt lögum nr. 46/1980 settar af stjórn Vinnueftirlitsins, en síðan staðfestar og birtar af félagsmálaráðherra. Eðlilegt er að reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum séu settar með hliðstæðum hætti þó annar ráðherra eigi í hlut og hafi um þær beint samráð við Vinnueftirlitið.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Eyjólfur Sæmundsson

forstjóri